



# Stjórn Samfélagssjóðs Fljóttsdals

Fundur nr. 11 Dags. 28.02.2022

**Fundarstaður:** Salurinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum kl. 13:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson varaformaður, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

## Á fundinum:

1. Umsóknir Samfélagssjóðs 2022
    - a. Umsóknarferlið
    - b. Vanhæfni stjórnarmanna skv. opinberri stjórnarsýslu
    - c. Reglur sjóðsins og matsblað
    - d. Yfirferð umsókna
  2. Dagskrá úthlutunar
  3. Ársfundur
  4. Önnur mál
- 
1. Umsóknir Samfélagssjóðs 2022
    - a. *Verkefnastjóri fór fyrir og skjalfestir í fundargerð samskipti fyrir fundinn.*

*Kynning.* Keyptar voru auglýsingar í Dagskránni, í Austurglugganum og Bændablaðinu. Auk þess fóru auglýsingar út á heimasíðu hreppsins og fésbókarsíður samfélagsverkefnisins og Fljóttsdalur, Austurland. Birtingar áttu sér stað frá 10. janúar og umsóknafræstur rann út 14. febrúar.

*Áherslur og umsóknir.* Kynningarfundur um sjóðinn var haldinn á fjarfundi 20. janúar vegna samkomutakmarkanna. Þar fóru auk þess fram kynningar á verkefnum Steingríms Karlssonar hjá Óbyggðasetrinu og Dagrúnu Drótt Valgarðsdóttur um Köngla, henni til aðstoðar var einnig Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf.

Verkefnastjóri bauð uppá yfirlestur umsókna og ráðgjöf við umsóknarskrif. Töluverður fjöldi leitaði ráða, bæði reyndir sem óreyndir í umsóknaskrifum.

Alls bárust 24 umsóknir. Sótt var um 26,4 milljónir og var heildarkostnaður verkefna alls 74,2 milljónir.
    - b. *Vanhæfi stjórnarmanna skv. opinberri stjórnarsýslu.* Yfirlit yfir umsækjendur var sent til stjórnarmanna þann 15. febrúar þar sem óskað var eftir upplýsingum um vanhæfi við yfirferð umsóknanna. Niðurstaðan er að fjórir af fimm geta metið allar umsóknirnar og því staðfest að stjórn mun sjá um yfirferð umsókna 2022.

Ekki vænhæf við yfirferð umsókna: SO, LH, JFP, ÞJ.  
ABB vanhæf við mat á umsóknum nr. 8,10, 12 og 17.



c. *Reglur sjóðsins og matsblað*

Farið yfir reglur sjóðsins, matsblaðið og fyrirkomulag yfirferðar. Minnt á mikilvægi trúnaðar gagnvart umsóknum.

d. *Yfirferð umsókna*

Stjórnarmenn lögðu sjálfstætt mat á umsóknirnar og sendu niðurstöðu sína til verkefnastjóra fyrir fundinn. Niðurstöðurnar lágu því fyrir í einu skjali sem farið var yfir. Fyrst farið yfir allar umsóknir sem allir gátu metið, í framhaldi vék ABB af fundi sem hún var vanhæf í að meta og þær umsóknir teknar fyrir. Niðurstaða lá fyrir um kl. 17:00.

f. *Önnur mál sem upp komu við yfirferð umsókna.* Umræður um möguleikann og þörfina fyrir að geta kallað eftir ársreikningum í tengslum við sum verkefni í framtíðinni. Jafnframt að ganga eftir því að þeir sem ekki hafa lokið verkefnum og ekki skilað sannfærandi framgangsskýrslu verkefna endurgreiði til sjóðsins fyrstu úthlutunarupphæðinni.

g. *Rafrænar undirskriftir.* Samþykkt að nýta kerfi Austurbrúar um rafrænar undirskriftir samninga.

2. Dagskrá úthlutunar.

Í haust var áætlað að úthlutunarathöfn yrði 10. mars. Nú rætt um að halda sig við þann dag ef hægt er og kanna möguleikana á að vera annað hvort í Hengifoss Gistihúsi eða á Skriðuklaustri.

- Dagskrá

- Varaformaður sjóðsins setji athöfn og verði fundarstjóri.
- Örerindi undir yfirskriftinni; Tækifærin heima.
- Verkefnastjóri fari fyrir umsóknir og úthlutanir síðustu þriggja ára.
- Fulltrúi stjórnar flytur ávarp
- Fulltrúi stjórnar og verkefnastjóri afhenta styrki
- Fulltrúi Fljótsdalshrepps lokar dagskrá og býður til veitinga.

Viðburður auglýstur á fésbókarsíðu Fagrar framtíðar og með tölvupósti til umsækjenda. Rætt við aðila um myndatökur.

3. Ársfundur

Boðað verði til næsta stjórnarfundar (kl. 15:00) og ársfundar (kl. 17:00) fimmtudaginn 28. apríl í Végarði.

4. Önnur mál

Samþykkt að fela gjaldkera að kanna með skráningu Samfélagssjóðsins á almannaheillaskrá RSK.

Rætt um mikilvægi þess að fylgjast vel með stöðunni hjá Íslensku verðbréfum og ýta á það að fá reglulegt yfirlit stöðu sjóðsins.

Fundi slitið kl. 17:45

ÁHBj ritaði



FÖGUR FRAMTÍÐ Í  
FLJÓTSDAL

Undirritun fundargerðar